

Dýragarðsringlureið

Blandið dýraspjöldunum og skiptið þeim þannig að eitt spjald er í hverju búi í dýragarðinum, snúið bakhliðinni upp. Setjið bílaspjöldin í grænu fæturnar og staðsetjið þá á bláu bílareitina.

Hver leikmaður velur sér eitt dýraumsjónarmannsspjald og setur í fót að eigin vali. Staðsetjið leikpeðið á steinana við innganginn að dýragarðinum. Yngsti leikmaðurinn byrjar leikinn og leikurinn gengur síðan sólarganginn.

Leikmenn skiptast á að kasta teningnum og færa leikpeðið í samræmi við töluna sem upp kemur á teningnum, eða fleiri (sjá um bláa bílareitinn). Hver leikmaður fyrir sig velur svo hvaða leið hann fer í dýragarðinum. Það má fara framhá mótherja á leiðinni, en það má ekki stoppa á saman reit og mótherjinn. Ef mótherji er á reitnum sem leikmaðurinn á að stoppa á, verður sá að stoppa einum reiti fyrir, eða fyrir aftan mótherjann.

Þegar leikmaður kemur á brúnan dýrareit við búr, tekur leikmaðurinn spjalðið sem er í búrinu og setur á borðið fyrir framan sig með myndina upp þannig að allir getið séð myndina. Leikmaðurinn finnur rétta búið fyrir dýraspjaldið og kemur spjaldinu þar fyrir. Leikmenn sjá á brúnu myndunum fyrir framan búrin hvaða dýr tilheyrir hvaða búi. Dýrunum er komið fyrir í búrunum sínum með því að fara með dýraspjaldið á brúna dýrareitinn fyrir framan rétta búið og staðsetja í búið með myndinni upp. Þegar dýraspjaldi hefur verið komið fyrir í réttu búi fær leikmaður verðlaunaspjald afhent. Verðlaunaspjöldunum safna leikmenn þar til í lok leiksins og vinnur sá leikinn sem er með flest verðlaunaspjöld.

Ef dýraspjaldið er nú þegar í réttu búi þegar leikmaður kemur að búi og snýr spjaldinu, skilur maður spjalðið eftir í búrinu með myndina upp og fær verðlaunaspjald afhent.

Ef leikmaður er að koma með dýraspjald að búi og það er nú þegar dýraspjald í búrinu tekur leikmaðurinn spjalðið sem er í búrinu og leggur rétta spjalðið í búið. Hver leikmaður má eingöngu vera með eitt dýraspjald í senn þegar hann er á leiðinni í búr.

Ef leikmaður kemur á bláa bílareitinn má hann taka bílinn með sér eina umferð. Þegar leikmaður er með bílaspjald með sér má hann færa leikpeðið sitt tvöfalt það sem teningurinn segir til um. Þegar leikmaður er búinn að nota bílaspjaldið í einni umferð verður hann að skila bílnum á næsta bláa bílareit. Þó ekki sama bílareitinn og hann tók bílinn á.

Leikurinn heldur áfram þar til öll dýrin eru komin aftur í búrin sín. Um leið og leikmaður hefur afhent síðasta dýraspjaldið sitt hefur hann lokið leik og fer með leikpeðið sitt að inngangi dýragarðsins.

Sá leikmaður sem hjálpaði flestum dýrum aftur í búrin sín og er með flest verðlaunaspjöld er vinninghafi leiksins.

Góða skemmtun!